

Ed.

124. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast rekstrarlán til útgerðar.

(Afgreidd frá Ed. 14. febrúar).

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast rekstrarlán, sem Landsbanki Íslands veitir á yfirstandandi vetrarvertíð, sem nemi allt að einni milljón króna, einstökum útgerðarmönnum eða félögum, sem viðskipti hafa haft við Íslandsbanka, gegn tryggingum í væntanlegum afla. Hámark lánveitinga má ekki fara fram úr því, sem Landsbanki Íslands hefir lánað undanfarið út á afla, miðað við skippund.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.